

Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga 2003–2007


New registrations of limited liability companies 2003–2007

Samantekt Nýskráð hluta- og einkahlutafélög voru 3.674 á síðasta ári og hefur nýskráningum því fjölgað um rúm 15% frá árinu 2006 þegar 3.191 ný félög voru skráð. Hlutfallsleg skipting nýskráninga niður á atvinnugreinar er nokkuð jöfn á milli ára en ef nýskráningar eru skoðaðar eftir landsvæðum þá eru tæplega 72% nýskráðra félaga með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu. Á árinu 2007 hefur nýskráningum þó fjölgað hlutfallslega mest á Vesturlandi eða um 45% frá fyrra ári.

Aldrei fleiri nýskráningar Nýskráð hlutafélög og einkahlutafélög voru 3.674 árið 2007, þar af voru 3.647 einkahlutafélög og 27 hlutafélög. Árið 2007 var metár í fjölda nýskráninga og hefur nýskráðum hlutafélögum og einkahlutafélögum fjölgað um tæp 15% frá fyrra ári þegar 3.191 félög voru skráð. Til samanburðar var heildarfjöldi skráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga rúmlega 28 þúsund í árslok 2007 og af þeim voru tæplega 13 þúsund sem greiddu laun á árinu.

Mynd 1. Fjöldi nýskráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga 2003–2007

Figure 1. New registrations of limited liability companies 2003–2007



Hlutur atvinnugreina

45% af nýskráningum í fasteignaviðskiptum, leigustarfsemi og ýmissi sérhæfðri þjónustu

Flestar nýskráningar á árunum 2003–2007 eftir bálkum atvinnugreina hafa verið í fasteignaviðskiptum, leigustarfsemi og ýmissi sérhæfðri þjónustu, bálki K. Árið 2007 voru nýskráningar í þessum bálki alls 1.677 eða 45% nýskráninga. Bálkar sem næstir komu voru byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð með 541 skráningar (15%) og verslun og ýmis viðgerðarþjónusta 437 (12%).

Frá fyrra ári hefur nýskráningum fjölgað hlutfallslega mest í samgöngum og flutningum eða um 28%, fasteignaviðskiptum, leigustarfsemi og ýmissi sérhæfðri þjónustu (27%) og í Iðnaði um 23%. Hinsvegar fækkar nýskráningum hlutfallslega mest í veitustarfsemi eða um 17% og í fjármálaþjónustu um 14%.

Flestar nýskráningar í rekstri eignarhaldsfélaga

Ef einstakar atvinnugreinar eru skoðaðar án tillits til bálka þá kemur í ljós að flestar nýskráningar árið 2007 voru í rekstri eignarhaldsfélaga (790), því næst leiga atvinnuhúsnæðis (351), þá húsbýggingar og önnur mannvirkjagerð (341) og önnur heildverslun (135). Hér vekur athygli mikil og stöðug fjölgun nýskráninga í rekstri eignarhaldsfélaga, þar sem nýskráningar fara úr 157 eða 7% af heild árið 2003 í 790 eða tæplega 22% af heildarfjölda nýskráninga árið 2007.

Hlutur landsvæða

Hlutfallslega mest fjölgun á Vesturlandi

Af landsvæðum voru langflestar nýskráningar á höfuðborgarsvæðinu árið 2007, alls 2.631 eða 72% allra nýskráninga. Næstflestar nýskráningar voru á Suðurnesjum eða 257 (7%), Suðurland fylgdi í kjölfarið með 225 (6%) en færstar nýskráningar voru á Norðurlandi vestra, 47 eða rúmlega 1% af heildarfjölda árið 2007. Hlutfallslega fjölgaði nýskráningum mest á milli ára á Vesturlandi um tæp 45% og á Suðurnesjum um rúm 41%. Nýskráðum félögum fjölgar í öllum landshlutum nema á Norðurlandi Vestra (-38%) og á Suðurlandi (-4%).

Af þeim 20 atvinnugreinum sem höfðu flestar nýskráningar árið 2007 var landsbyggðin með meira en helming nýskráninga í 3 atvinnugreinum, smábátaúitgerð, leiga á vinnuvélum með stjórnanda og hárgreiðslu- og snyrtistofum.

Að meðaltali voru 11,8 nýskráð hluta- og einkahlutafélög á hverja þúsund íbúa árið 2007. Höfuðborgarsvæðið var með flestar nýskráningar miðað við íbúafjölda eða 13,4 á hverja þúsund íbúa, Suðurnes voru með 10,2 nýskráningar á hverja þúsund og Vestfirðir 10,2. Norðurland Vestra var með færstar nýskráningar miðað við íbúafjölda eða 6,4 á hverja þúsund íbúa.

English summary

In 2007, 3,674 new limited liability companies were registered, which is about 15% increase from the year 2006 when 3,191 new companies were registered. The share of new registrations by economic activities is similar between years, but distribution by regions shows that 72% of total new registrations appear in the capital region. In the year 2007, the growth rate of new registrations was highest in the West region where total number of new registrations rose by approximately 45% between the years 2006 and 2007.

Tafla 1. Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir bálkum atvinnugreina 2003–2007*Table 1. New registrations of limited liability companies by main economic activity 2003–2007*

Fjöldi í árslok <i>Number at end of year</i>	2003	2004	2005	2006	2007
Nýskráningar alls <i>New registrations</i>	2.389	2.517	2.938	3.191	3.674
Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt <i>Agriculture, hunting and forestry</i>	65	43	73	87	96
Fiskveiðar <i>Fishing</i>	175	143	109	146	143
Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu <i>Mining and quarrying</i>	1	2	2	–	4
Iðnaður <i>Manufacturing</i>	176	154	158	153	188
Veitur <i>Electricity, gas and water supply</i>	4	4	12	6	5
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction</i>	290	365	444	506	541
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta <i>Wholesale and retail trade; repairs</i>	377	393	411	424	437
Hótel- og veitingahúsarekstur <i>Hotels and restaurants</i>	125	126	117	125	120
Samgöngur og flutningar <i>Transport and communication</i>	90	96	108	126	161
Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar <i>Financial intermediation</i>	21	37	17	22	19
Fasteignaviðsk. og ýmis sérhæfð þjónusta <i>Real estate and business activities</i>	838	917	1263	1.318	1.677
Opinber stjórnarsýsla; almannatryggingar <i>Public administration</i>	–	–	–	–	1
Fræðslustarfsemi <i>Education</i>	23	27	19	32	31
Heilbrigðis og félagsþjónusta <i>Health and social work</i>	59	57	68	70	66
Önnur samfélagsþjón., félags- og menningarstarfsemi o.fl. <i>Other services</i>	132	152	137	175	185
Ótilgreind starfsemi <i>Not specified</i>	13	1	–	1	–

Tafla 2. Atvinnugreinar með flestar nýskráningar árið 2007*Table 2. The top 20 activities ranked by the highest number of new registrations during 2007*

Fjöldi í árslok <i>Number at end of year</i>	2003	2004	2005	2006	2007
Nýskráningar alls <i>New registrations</i>	2.389	2.517	2.938	3.191	3.674
Þær 20 atvinnugreinar sem flestar nýskráningar voru í árið 2007					
<i>The top 20 activities ranked by the highest number of new registrations during 2007</i>					
Rekstur eignarhaldsfélaga <i>Management activities of holding companies</i>	157	247	439	522	790
Leiga atvinnuhúsnæðis <i>Letting of non-residential housing</i>	221	277	377	337	351
Húsbyggingar og önnur mannvirkjagerð <i>Building of constructions; civil engineering</i>	166	236	296	350	341
Önnur heildverslun <i>Other wholesale</i>	45	59	77	130	135
Smábátaútgerð <i>Operation fishing boats smaller than 10 GRT</i>	147	109	90	122	121
Matsölustaðir <i>Restaurants serving only food and drink</i>	80	84	67	65	86
Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði <i>Consultancy activities, excl. agric. Consultancy</i>	78	75	77	71	83
Hugbúnaðargerð og ráðgjöf <i>Software consultancy and supply</i>	61	36	33	40	66
Önnur ótalin viðskipti og sérhæfð þjónusta <i>Other business activities n.e.c.</i>	33	52	50	44	62
Kaup og sala á eigin fasteignum <i>Buying and selling of own real estate</i>	6	6	11	32	48
Framleiðsla kvikmynda og myndbanda <i>Motion picture and video production</i>	36	22	29	45	41
Leiga vinnuvéla með stjórnanda <i>Renting of construction equipment with operator</i>	24	29	30	39	40
Hárgreiðslu- og snyrtistofur <i>Hairdressing and other beauty treatment</i>	19	26	24	27	39
Málningarvinna <i>Painting</i>	19	17	18	25	38
Starfsemi listamanna <i>Artistic and literary creation and interpretation</i>	30	42	24	42	37
Akstur sendibíla <i>Delivery van services</i>	18	20	24	17	34
Leiga íbúðarhúsnæðis <i>Letting of residential housing</i>	28	22	20	19	34
Ferðaskrifstofur og önnur ótalin ferðaþjónusta <i>Travel agencies and tour operators n.e.c.</i>	28	20	31	38	33
Bílaviðgerðir og viðhald; hjólbarðaviðgerðir <i>Maintenance and repair of motor vehicles</i>	34	34	34	34	31
Raf- og boðlagnir; starfsemi rafverktaka <i>Installation of electrical wiring and fittings</i>	29	31	30	30	30
Aðrar atvinnugreinar <i>Other activities</i>	1.130	1.073	1.157	1.162	1.234

Tafla 3. Nýskráning hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir landsvæðum 2003–2007Table 3. *New registrations of limited liability companies by region 2003–2007*

	2003		2004		2005		2006		2007	
	Á hverja 1.000 íbúa		Á hverja 1.000 íbúa		Á hverja 1.000 íbúa		Á hverja 1.000 íbúa		Á hverja 1.000 íbúa	
	Fjöldi Number	Per 1.000 inh.	Fjöldi Number	Per 1.000 inh.	Fjöldi Number	Per 1.000 inh.	Fjöldi Number	Per 1.000 inh.	Fjöldi Number	Per 1.000 inh.
Alls Total	2.389	8,3	2.517	8,6	2.938	9,8	3.191	10,4	3.674	11,8
Höfuðborgarsvæði										
<i>Capital region</i>	1.650	9,1	1.825	9,9	2.120	11,3	2.269	11,8	2.631	13,4
Suðurnes <i>Southwest</i>	128	7,6	108	6,3	151	8,4	182	9,6	257	12,9
Vesturland <i>West</i>	107	7,4	92	6,4	98	6,6	94	6,3	136	8,8
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	72	9,2	49	6,4	61	8,1	57	7,6	76	10,4
Norðurland vestra										
<i>Northwest</i>	47	5,1	51	5,7	66	7,4	76	10,2	47	6,4
Norðurland eystra										
<i>Northeast</i>	166	6,2	161	6,0	166	6,1	189	6,6	202	7,0
Austurland <i>East</i>	84	7,1	89	7,2	77	5,6	90	5,9	100	7,2
Suðurland <i>South</i>	135	6,3	142	6,5	199	8,9	234	10,2	225	9,6

Hagtiðindi **Fyrirtæki og umsvif**
 Statistical Series **Enterprises and turnover**

93. árgangur nr. 5

2008:1

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4517 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4525 (pdf)Verð *Price* ISK 500 EUR 7Umsjón *Supervision* Stefán Sigurðsson • stefan.sigurdsson@hagstofa.isSími *Telephone* +(354) 528 1000© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík IcelandBréfasími *Fax* +(354) 528 1099Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series